EINAR KÁRASON

RITÞING

15. APRÍL 2008

EINAR KÁRASON

RITÞING

15. apríl 2008

Menningarmiðstöðin Gerðuberg

EINAR KÁRASON

Þann 15. apríl 2008 sat Einar Kárason rithöfundur fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs. Stjórnandi þingsins var Halldór Guðmundsson. Í hlutverki spyrla voru þau Gerður Kristný og Sjón.

Halldór:
Sæl og hjartanlega velkomin á ritþingið um Einar Kárason. Fórnarlambið í dag situr hér, mér á vinstri hönd. Meðspyrlar mínir eru mér á hægri hönd, Gerður Kristný og Sjón. Hér munu líka koma fram í dag Karl Guðmundsson, sem mun lesa upp úr verkum Einars í upphafi og lokin, og KK sem mun spila fyrir okkur. Á eftir verður svolítil móttaka þar sem Tómas Einarsson mun leika ásamt þeim Óskari og Ómari Guðjónssonum. Svo ég noti orðalag Einars: Ég held okkur sé ekkert að landbúnaði og getum farið að byrja þetta. En fyrst ætla ég að biðja Karl Guðmundsson að lesa fyrir okkur örlítið brot úr *Stormi*, gjörðu svo vel.

Karl:
Já, það er úr þessari bók eftir Einar Kárason, *Stormur*. Kaflinn heitir „Hrólfur“.

Við kannski áttuðum okkur á því fyrst eftir að hann var fluttur hann hérna Stormur hvað hann var nú mikilvægur fyrir klíkuna. Við fundum bara að það snarmunaði um helvítis kallinn. Og það var auðvitað út af íbúðinni – kjallaranum hans. Við Ísi og svo Sólmundur og Kolbeinn og ýmsir aðrir, þetta var bara eins og félagsheimilið okkar, og þótt Stormurinn væri kannski ólíklegastur okkar til að fara að búa eitthvað til eða gera eitt-

hvað merkilegt - ómenntaður og lítið lesinn, og af þessu furðulega fólki, þá passaði hann ágætlega inn í. Með sinn sniðuga tónlistarsmekk og átti oft furðu svona hnyttnar athugasemdir. Skaut inn góðum anekdótum, og gestgjafi var hann auðvitað alveg afbragðsfínn, menn voru alltaf velkomnir til hans, það brást aldrei, og eftir að hann var kominn þarna með stelpuroluna inn til sín þá varð þetta eiginlega ennþá betra - hann hrópaði bara: Stebba! Komdu með þetta! Komdu með hitt! Og alltaf hlýddi hún. Auðvitað vorum það mest við hinir sem svona leiddum umræðurnar, ég náttúrulega, og svo ég tali nú ekki um Kolbein eftir að hann kom í klíkuna eða varð viðloðandi hana, því að hann var með svo mótaðar og klárar skoðanir og hafði reynt svo margt og lesið og lifað. Hann hafði nú reyndar fyrst um sinn ekki mikla trú á Eyvindi. „Veit þessi maður eitthvað í sinn haus?" „Já," sagði ég, „hann pælir í ýmsu." „Eins og hverju?" sagði Kolbeinn. Hann kemur sér yfirleitt beint að efninu, er ekki að vefja málin í einhverja loðmullu. Og ég svaraði: „Hann veit allan fjandann, til dæmis um styrjaldirnar." Og næst þegar þeir hittust hafði Kolbeinn engan formála heldur spurði beint: „Hvað hét arkitekt Hitlers?" „Albert Speer," svaraði Stormur rólega. „Hvað hét aðmírállinn sem foringinn útnefndi sem eftirmann sinn?" „Dönitz," sagði hinn án þess að depla auga. „Jæja," sagði Kolbeinn, „þetta vita allir sem ekkert vita. En segðu mér: Hvað hét þýski hershöfðinginn sem tók Krím og Sevastopol og var síðar settur til að bjarga sjötta hernum úr umsátrinu við Stalíngrad?" Og Stormurinn svaraði, sallarólegur: „Ertu að tala um Feltmarschall Erich von Manstein?" Og þá sá ég að það vaknaði smá virðing fyrir honum hjá Kolbeini. Svona maður var ekki alger rati!

En mikilvægi hans rann ekki upp fyrir okkur að fullu fyrr en hann flutti burt. Þvílíkt áfall! Farinn eitthvað lengst út í úthverfi, þar sem vinnudýrin una við sinn smáborgaraskap, og enginn maður með viti á nokkurt erindi. Ha? Aumingja Stormurinn. Og aumingja við, að missa félagsheimilið. Við fórum tveir, við Ísi, og hjálpuðum honum að mála. Einhverja kúkabrúna stofu. Með appelsínugulu axminsterteppi út í öll horn. Við reyndum að bjarga því sem bjargað varð. Og tengdaforeldrar hans voru uppi. Útpískaðir vinnuþrælar. Kallinn kom niður, pípari eða eitthvað, feitur og boginn og másandi. Flámæltur. Við skírðum hann umsvifalaust „Uxann". Það náði manninum alveg. „Ka e þetta?" sagði hann. „Atlara geretta allt svarthvítt?" „Heyrðu góði minn!" sagði ég þá við Uxann. „Drottinn, drottinn, can´t you hear my heartbeat / Heyrirðu ekki

að veröldin er svarthvít?“ Og hann horfði á mig alveg gapandi. Eins og á nývirki! Sneri sér svo að Storminum: “Ka e þetta? Ka e maðurinn að segja?“ „Ég var að fara með hendingu úr ljóði!“ sagði ég. „Veistu hvað það er?“ En svo ákvað ég að fara varlega í þetta. Vera kannski ekki að koma Storminum út úr húsi þarna strax. Því auðvitað þurfti hann húsnæði. Kominn með krakka og svona. Lét kjurt liggja ...

En hann var nú samt ófeiminn við að gera grín að öllu þarna. Haga sér eins og honum sýndist. Enda ekki annað hægt. Við komum reyndar þarna furðu oft, klíkan. Ekki á hverju kvöldi auðvitað, en þetta varð svona partístaður mikið um helgar. Og þess í milli, ef menn voru að fá sér í glas. Hann kallaði tengdapabba aldrei annað en Uxann. Var ekkert að pæla í því þótt Stefanía heyrði til. Enda sá ég aldrei annað en að henni væri alveg sama. Hefði enga skoðun á því. Reyndar varð ég svo sem aldrei var við að hún hefði skoðun á neinu. „Hvað? - eru þetta þá „Gyðjan og Uxinn“ sem búa þarna uppi?“ spurði Kolbeinn. Samanber bókina eftir Kristmann. Nei, þá kallaði hann tengdamömmu aldrei annað en „nornina“. Segjum að það vantaði eitthvað, salt til dæmis, sykur, þá sagði Stormurinn: „Stebba, skjóstu upp og athugaðu hvort nornin eigi ekki sykur?“ Og því var umyrðalaust hlýtt auðvitað. Og hann hermdi miskunnarlaust eftir Uxanum. Það gat verið alveg hreinlega konunglegt. Því að hann gat verið helvíti góð eftirherma. Og þrátt fyrir að ekkert sé auðvitað hallærislegra en þjóðlegar íslenskar eftirhermur með snýtuklút og hor, þá var Stormurinn svívirðilega fyndinn þegar hann var að herma eftir Uxanum. „Ey-vindur!“ byrjaði hann alltaf. Ég næ þessu ekki. En þetta var algjörlega hillaríus. „Ey-indör!“ Einhvern veginn þannig. Og þegar allir voru búnir að hlæja sig máttlausa létum við hann stundum kalla í sjálft skemmtiatriðið. The real thing! Og hann fór fram á stigagang. Ég man nú ekki hvað kallinn hét, Þórólfur eða eitthvað. „Eh, Þórólfur?!“ kallaði hann upp. Og innan skamms heyrðist umgangur í stigaganginum, og Uxinn kallaði: „Ey-indör?! Ey-indör?! Vattað kalla?!“ Og við gersamlega fríkuðum út inni í stofunni, handan dyranna. Grenjuðum af hlátri. Og Stormurinn kom inn. Og kallinn heyrðist tauta, á förum aftur upp: „É gil ekket í honum Ey-indi, hann er alltaf fullur maðurinn.“

En svo fóru að strjálast heimsóknir okkar þarna út í rassgat. Það var nú bara leigubílakostnaður, til dæmis, sem menn þurftu að horfa í, svona um helgar. Og svo fór Stormurinn að vinna á einhverjum skíta bygg-

ingavörulager. Í Kópavogi. Of all places! Og menn kannski aðrir farnir að vera á föstu og svona, farnir að búa jafnvel. Ég upplifði þetta sem hálfgerða tragedíu allt saman, mér fannst eins og maðurinn hefði verið kviksettur. Var stundum að reyna að draga hann upp á yfirborðið, en það var nú hægara sagt en gert. Og svo auðvitað reyndist hann vera svín að ýmsu leyti, eins og kannski var við að búast: hvernig má annað vera ef menn alast upp í svínastíu?

Paradísarmissir

Halldór:
Bestu þakkir, Karl. Ég held að þetta hafi komið okkur í réttu stemninguna. Það sem á vantar kemur svo með myndum hér. Við látum myndirnar bara rúlla ykkur til skemmtunar og gleði og hefjum þetta spjall. Einar, þú veist að það þarf alltaf að byrja að gera grein fyrir ættum sínum og uppruna. „Axminsterteppi út í öll horn“: Hvernig var heima hjá þér?

Einar:
Það var svona eins og var á íslenskum alþýðuheimilum; sófasett í stofunni og Philips-útvarp og hansahillur með bókum, sem munaði náttúrlega mikið um, og grár köttur. Það þarf nú ekki mikið meira, fyrir utan náttúrlega fólkið.

Já, það voru margar fínar bækur í hillunum og ég náttúrlega byrjaði á því að lesa barnabækur og var mjög upptekinn og hrifinn af ýmsum barnabókum. Enid Blyton var mín manneskja og Astrid Lindgren og svo hélt ég alveg óhemjumikið upp á sögurnar um Óla Alexander fílíbommbommbomm eftir Ann Cath Westly. Ég á þrjár systur þannig að það voru engir bræður en ég átti bróður í Óla Alexander. Fyrsta bókin um Óla kom út einhvern tímann á sjötta áratugnum í Noregi. Fyrsta bókin kom út á Íslandi árið sem ég var fimm ára og sagði frá því þegar hann var fimm ára. Hún var lesin fyrir mig. Næsta bók, sem hét *Óli Alexander á hlaupum*, kom út þegar ég var sex ára og þá var hann orðinn sex ára og byrjaður í skóla eins og ég. Svo gekk þetta svona; við urðum sjö ára og átta ára og níu ára og þá kom það sama fyrir okkur Óla báða. Það var svona paradísarmissir í okkar tilveru og við vorum flæmdir af okkar æskustöðvum. Ég var alinn upp í Úthlíðinni en flutti á

Háaleitisbraut, í nýbyggða blokk. Óli þurfti líka að flytja úr húsinu sínu, sem var hæsta húsið í Osló, staður sem hét Brattholt, ef ég man rétt. Óli var sem sagt svolítið bróðir minn.

Ég las bækurnar sem komu út um hann á hverju ári. Ég man eftir því að Ann Cath Westly skrifaði svo aðra seríu sem var um átta systkini. Bækurnar hétu *Pabbi, mamma, börn og bíll* og *Amma og átta börn í skóginum* og eitthvað fleira. Kópavogsleikhúsið setti upp leikrit byggt á þessum sögum um systkinin átta. Systur mínar eldri fóru með mig, ætli ég hafi ekki verið sjö eða átta ára, og ég var ekkert sérstaklega uppnuminn af þessu leikriti þangað til það er bankað á leiksviðinu og eitthvert barnanna fer til dyra og það stendur drengur í gættinni og þau hrópa yfir sig voða glöð: „Óli Alexander frændi er kominn!“ og hann gengur inn. Og þetta var náttúrlega mín stóra leikhúsupplifun í lífinu. Ég hafði alls ekki átt von á að hitta manninn þarna í Kópavogi. Og hann hafði tiltölulega hratt á hæli og ætlaði að fara aftur og kveðja og mér brá mikið við það, ég átti mikið vantalað við þennan pilt, þannig að ég stóð upp og kallaði: „Óli!“, yfir allan salinn. Systur mínar drógu mig niður í sætið aftur og höfðu um það mörg orð lengi á eftir að það væri náttúrlega ekki hægt að fara með þennan drengstaula og fullkomna viðrini innan um siðmenntað fólk því hann kynni ekki að haga sér.

Löngu seinna var ég beðinn að skrifa dálk í eitthvað blað sem Bandalag íslenskra listamanna gefur út, um leikhúsupplifun, og ég skrifaði að sjálfsögðu um þetta. Ég hitt svo gamlan samstarfsmann úr Útvarpinu nokkrum dögum seinna sem var voða glaður og sagði: „Ekki reiknaði ég með að það yrði getið um mína leiklistarframmistöðu fjörutíu árum seinna.“ Þetta var Leifur Hauksson; hann hafði þá leikið Óla Alexander.

Svo fór maður náttúrlega að lesa aðrar bækur sem voru til á heimilinu. Systir mín, sem er tveimur árum eldri, var yfirleitt tveimur árum á undan mér að lesa bækurnar og ég las fyrst þær sem hún mælti með. Ég man eftir *Grænn varstu dalur*, velskri bók eftir Richard Llewellin í þýðingu Ólafs Jóhanns Sigurðssonar. Hann þýddi öll staðarnöfn; það voru til dæmis „Lundúnir“ og svona og bræður Hauks Morgans fóru til náms í „Öxnafurðu“. Önnur bók, sem ég hélt feikna mikið upp á, heitir *Ég veit ekki betur* og er fyrsta bindið af ævisögu Guðmundar Hagalín þegar hann var að alast upp í Lokinhömrum í Arnarfirði. Þarna var

mikið af stríðsbókum, sem pabbi hélt upp á, eins og *Með vígdrekum um veröld alla.* Ein hét *Á tæpasta vaði*, endurminningar bandarísks stríðsfanga sem var meðal annars í Auschwitz og er enn hrollvekjandi lesning. Svo náttúrlega *Góði dátinn* sem maður lærði utan að.

Halldór:
Þú nefndir Hagalín, við vitum að það er þessi tvenns konar uppruni sem þú ert hvað stoltastur af. Það er Úthlíðin hér í Hlíðahverfinu; þú ert líklega eini maðurinn sem er svona ofsalega stoltur af Úthlíðinni. Svo eru það Vestfirðir og maður verður oft var við rætur þínar þaðan. Þú getur kannski sagt okkur frá afa þínum, Einari Þorbergssyni, sem þú heitir eftir?

Einar:
Já, afi var fæddur 1891 og ólst upp í mikilli fátækt, missti föður sinn ungur og þegar maður horfir til baka þá áttar maður sig á því að hann var miklu nær víkingaöldinni heldur en nútímanum. Hann ólst upp án nokkurrar snertingar við nútímann, með rafmagni og vélvæðingu og öðru slíku. Var farinn að vinna fyrir sér sem barn. Ég held hann hafi komið til Reykjavíkur einhvern tímann á fyrra stríðs árunum og leist ekki vel á bæinn og fannst Reykjavík vera lítil og ljót og niðurnídd og hallærisleg og ekkert í samanburði við heimsborgina Ísafjörð. Svo held ég það hafi komið í hann einhver þrjóska að vilja ekki fara til Reykjavíkur þegar börnin hans fóru að flytja suður. Móðir mín var næstelst átta systkina. Amma kom suður en afi sagðist ekkert hafa til Reykjavíkur að sækja.

En hann kom samt suður og hélt mér, held ég, undir skírn á 65 ára afmælinu sínu 18. júlí 1956. Þá vorum við einmitt nýflutt í Úthlíðina. Ég man náttúrlega ekki eftir þessu. En ég hef fyrir satt að hann hafi fengið sér göngutúr upp Úthlíðina og norður Skaftahlíðina og séð tígulegasta hús sem þá hafði verið reist í veröldinni líklega, Sjómannaskólann, og honum fannst aldeilis hafa lifnað yfir Reykjavík. Ég held hann hafi komið á hverju ári eftir þetta og við gengum saman og hann svona steig ölduna eins og gamlir sjómenn og ég kjagaði þetta við hliðina á honum. Svo hló hann alltaf svona hljóðlaust þegar hann virti fyrir sér þessa miklu höll sem var byggð fyrir sjómenn; hann hafði ekki átt von á þessu.

Ísafjörður var náttúrlega mikil paradís. Ein af mínum fyrstu minningum er þegar ég lenti á Katalínu, það var áður en flugvöllurinn á Ísafirði kom, þá var Flugfélag Íslands með sjóflugvél og Katalína lenti á pollinum. Þetta var mikil lífsreynsla og mér finnst að þeir, sem ekki hafa upplifað þetta, hafi farið á mis við mikið. Svo var komið á bát og farþegarnir sóttir og farið með þá upp að bæjarbryggjunni og þar beið afi með hjólbörur með tveimur stórum hjólum og palli og setti töskurnar okkar upp á og við löbbuðum upp Pólgötuna upp í Fjarðarstræti, beint á móti slökkvistöðinni. Þarna fór ég mikið á sumrin, vestur, og var mikið á Ísafirði og Hnífsdal og svo framvegis. Móðir mín var Vestfirðingur í báðar ættir og pabbi var Dýrfirðingur í aðra ættina.

Ölvaður af skrýtnum orðum

Halldór:
Svo það er ekki nema von það séu Hlíðarnar og Vestfirðir! En áður en ég hleypi meðspyrlum mínum að, langar mig að spyrja: Hvenær tengdir þú fyrst við bókmenntir? Hvað lastu til dæmis í skóla?

Einar:
Ég var, held ég, voðalega skringilega ölvaður af skrýtnum orðum og fallegum setningum. Ég man að þýðingin á Ævintýrabókunum eftir Enid Blyton var svolítið gamaldags. Jonni sagði til dæmis: „Þú ert að fara með einhverjar fleipur“ og ég kom út í götu og sagði þetta við fólk sem skildi mig náttúrlega ekki. Jonni sagði: „Hvert þó í logandi“ og “Fari það kolað“. Þetta notaði ég miskunnalaust! En svo man ég eftir fyrsta ljóðinu sem ég var feiknarlega upptekinn af. Systir mín, sem var 6 árum eldri en ég, átti svona minningarbók eins og krakkar áttu og einhver í bekknum hennar hafði teiknað í heila opnu svakalega fallega mynd af íslensku landslagi og það flugu tveir fallega teiknaðir svanir og svo var búið að skrifa fyrsta ljóðið úr „Söngvum förumannsins“ eftir Stefán frá Hvítadal: „Svanir fljúga hratt til heiða, huga minn til fjalla seiða “ og ég varð algjörlega heltekinn af þessu og gat lesið þetta aftur og aftur og horft á þessa mynd og þetta hljómaði í hausnum á mér. Og vel að merkja, af því við vorum nú bekkjarfélagar seinna, Halldór, og þú varst skóladúxinn, þá var það að læra utan að, til dæmis ljóð, það eina sem ég gat verið bestur í. Það var nú mjög mikilvægt að vera bestur

í einhverju. Það var töluvert gert af því í gamla daga að láta mann læra ljóð utan að og ég held það sé mjög gott. Ég var með kennara sem hét Pálmi Pétursson og var feiknarlegur snillingur og kenndi mér í Æfingadeild Kennaraskólans einn vetur. Hann gerði leik og keppni úr öllu námi. Ég þurfti til dæmis ekki að læra málfræði í sex eða sjö ár eftir að hafa verið hjá honum því hann gerði einhvern svona húmor út úr því að læra málfræði. Lét alla vera með glósubækur sem hétu Skjóna og sagði: „Nú búum við til keppni“. Svo setti hann upp stórt spjald í skólastofunni og skrifaði nöfnin okkar neðst og síðan var svona lituð súla sem fór hækkandi eftir því sem maður hafði lært fleiri erindi. Þarna sá ég að ég gæti tekið forystuna og lærði snemma vetrar utan að alls konar ljóð eins og „Grettisljóð“ Matthíasar Jochumssonar og „Urð og grjót“ eftir Tómas Guðmundsson og fleira og tók afgerandi forystu – gnæfði þarna yfir!

En það er náttúrlega, eins og fólk veit, kalt á toppnum og maður verður værukær í velgengninni. Svoleiðis að, þegar kom að páskum, voru einhverjar samviskusamar stelpur, tvær eða þrjár, sem höfðu tekið þetta rólega en skipulega, þær sigldu upp fyrir mig, nokkrum dögum fyrir páska, einar þrjár! Ég hugsaði að ég yrði að gera eitthvað yfir páskana til þess að klára þetta, þannig að ekki þyrfti að binda um skeinu, og ákvað að læra lengsta ljóðið sem ég fann í einhverri bók heima. Það var eftir Jón Helgason og ég lærði það utan að. Þegar maður hafði lært ljóð utan að, átti maður að fara með það fyrir bekkinn og kennarinn lagði mikið upp úr því að maður ræki ekki í vörðurnar eða væri með einhverja vitleysu. Svo ég kom upp og rétti honum bókina og sagði: „Ég ætla að fara með þetta ljóð.“ Hann leit á mig aðeins hissa og ég stillti mér upp fyrir framan bekkinn og sagði: „Ljóðið, sem ég ætla að fara með, heitir „Afgangar“ og er eftir Jón Helgason.“ Ég var náttúrlega rekinn í sætið aftur því þetta hét ekkert „Afgangar“ heldur „Áfangar“! En ég fékk að gera aðra tilraun og tókst þá að romsa upp úr mér þessum 16 erindum. Og vann náttúrlega frægan sigur í þessari keppni.

Halldór:
Og þessu beittirðu fram í menntaskóla þegar þú varst að læra öll kvæði Egils Skallagrímssonar utan að og svona!

Einar:
Já, við vorum með svo skemmtilegan íslenskukennara, Aðalstein

Davíðsson, sem var alltaf að láta okkur læra lausavísur Egils. Svo voru alltaf einhverjir sem sögðu: „Hvað er þetta, þetta er eins og að vera kominn í barnaskóla að vera að læra þetta utan að!“ Og hann sagði: „Sjá ykkur ræflana, þið þurfið bara að læra nokkrar lausavísur! Þegar ég var í menntaskóla þá vorum við látin læra bæði „Arinbjarnarkviðu“ og „Sonar torrek“ sem eru 25 erindi hvort!“ Honum þótti fyrirlitlegt ef einhver ætlaði að læra „Höfuðlausn“ því hann sagði að það væri flatrímað klastur og örugglega eftir Snorra Sturluson. Og hvernig myndi jafn listfengt skáld eins og Egill Skallagrímsson nokkurn tíma láta frá sér línur eins og „ber ég Óðins mjöð / á Engla bjöð“? Óðinn er hvergi nefndur á nafn í „Sonar torreki“ en þar eru 27 kenningar um hann, held ég. Ég sagði: „Ef við lærum „Sonar torrek“ utan bókar megum við þá sleppa prófinu og fá 10? Hann gekkst inn á það svo ég lærði „Sonar torrek“. En svo sveik hann okkur um þetta og við þurftum líka að taka prófið. Ég hélt að ég hlyti að vera með 10 eftir það en svo var ég ekki með 10, ég held ég hafi verið með 9 eða 9,5. Og ég spurði „Hvað ertu að gera, maður? Ég skrifa „Sonar torrek“ alveg rétt og svo svara ég öllum spurningunum rétt líka?“ Þá varð hann aðeins reiður og sýndi mér úrlausnina. Þá hafði ég víxlað orðum milli sjöttu og sjöundu línu í 23. erindi. Það breytti ekki merkingunni og það breytti ekki bragarhættinum. En hann sagði: „Ég hefði átt að fella þig fyrir þetta helvítis ræfillinn, að bjóða mér uppá svona sjúsk!“ Sem er náttúrlega alveg rétt hjá honum, þetta er alveg ófyrirgefanlegt!

Hafði aldrei hitt rithöfund

Gerður Kristný:
En hvenær datt þér í hug að þú gætir orðið rithöfundur, alþýðustrákur í Háaleitinu?

Einar:
Halldór Laxness var náttúrlega merkilegasti karl landsins á þessum tíma. Hann fékk þarna Nóbelinn um svipað leyti og ég fæddist og hann einhvern veginn sveif yfir öllu. Þegar ég sá að ég myndi ekki komast í landsliðið í fótbolta, ákvað ég að fara í þetta sama fag og þessi kall sem sveif fyrir ofan allt, þannig að menn eins og biskup og forseti og forsætisráðherra voru eins og Rip, Rap og Rup í samanburði við hann.

Svona var virðing manns og aðdáun á því fólki sem gat skrifað og sagt sögur. Ég held ég hafi verið svona níu ára þegar ég ákvað að fara í þetta fag.

Gerður Kristný:
Hafðirðu hitt rithöfund?

Einar:
Nei, vel á minnst. Líklega ekki!

Gerður Kristný:
Sigurður A. Magnússon hefur ekki verið fluttur í Háaleitið á þessum tíma?

Einar:
Hann hafði nú búið í Múlakampi eins og hann segir frá í *Möskvum morgundagsins*. Nei, ég hafði aldrei hitt hann. Þetta er alveg rétt, ég hafði aldrei hitt rithöfund! Maður sá þá bara í sjónvarpinu.

Sjón:
En síðan ertu kominn í menntaskólann, eins og þú varst að segja áðan, og hvað voru menn að lesa þar? Því þar taka menn nú kannski upp á því að gerast sjálfstæðir í lestri sínum og leita út fyrir það sem skólinn er að bjóða upp á, finna kannski einhverja ögrandi lesningu og þykjast hafa fundið út hvernig á að gera þetta og þá yfirleitt ekki eins og verið er að halda að þeim.

Einar:
Já, veturinn áður en ég byrjaði í menntaskóla vorum við Halldór miklir félagar og það var bókasafn í Sólheimum milli háu blokkanna og við vorum að rogast þarna inn og út með þykkar bækur vikulega, held ég. Og maður hitti fljótt fyrir þá sem höfðu áhuga á bókmenntum í skólanum. Það var til dæmis nútímaljóðlistin, atómskáldin og það sem maður fór að verða mjög upptekinn af. Þetta var líka tími módernistanna í skáldsagnagerð: Thor, Guðbergur, Steinar Sigurjónsson, Svava og fleiri. Maður var náttúrlega mjög upptekinn af þessu líka. Menn töluðu þá um dauða skáldsögunnar, það er að segja með þessum nýja róman, þar sem menn gáfu söguþræðinum á kjaftinn, eins og sagt er. Það var

sagt að hann hefði gengið af hinni epísku skáldsögu dauðri. Sem betur fer var það nú ekki en ég held að það, sem síðan kom út úr því, hafi verið einhvers konar sambræðingur epísku skáldsögunnar og þessa módernisma sem var feiknarlega nýskapandi og merkilegur.

Sjón:
En það fyrsta sem þú birtir, voru það ekki ljóð?

Einar:
Jú, ég skrifaði einhverjar arfavondar smásögur líka sem birtust í skólablöðum. Ég naut góðs af því að vera sjálfur ritstjóri í tvö ár og það hjálpaði svolítið að komast þarna inn því ég var mjög harður og krítískur á það efni, sem blaðinu barst, sem aðrir sendu inn. En það slapp furðumikið inn af því sem ég sjálfur lét mér detta í hug.

Gerður Kristný:
Hvernig viðbrögð fékkstu við þessu?

Einar:
Það var nú misjafnt. Þetta var náttúrlega afar lélegt. Það voru samt einhverjir íslenskukennarar sem voru uppörvandi við mig. Ég man eftir einum íslenskukennara mínum sem hét Brynjólfur Sæmundsson. Hann kom tvisvar sinnum til mín eftir að ég birti eitthvað og sagði eitthvað mjög uppörvandi við mig. Skólafélögunum þótti þetta ærið misjafnt eins og gengur og gerist og hentu jafnvel gaman að.

Sjón:
En voruð þið eitthvað farnir að leita út fyrir íslenskar bókmenntir, eitthvað farnir að leita að áhrifum að utan?

Einar:
Já, að sjálfsögðu.

Sjón:
Nú er þetta ekki löngu eftir hinar miklu umbyltingar ‘68 og þá ekki bara í bókmenntum heldur líka í músik og öðru. Hvað voruð þið að hlusta á og inspírerast af?

Einar:
Það voru náttúrlega Bítlarnir og Rolling Stones og rokkið og þetta.

Sjón:
En svona þessi „beat“-skáld og annað slíkt?

Einar:
Jú, þau voru náttúrlega í hávegum höfð, bæði amerísku „beat“-skáldin, ljóð Ginsbergs og saga Kerouacs *On the Road, Á vegum úti*. Og svo Gregory Corso og svo voru bresk svokölluð bítnik-skáld sem menn héldu mikið upp á, til dæmis Adrian Henri og Brian Patten. Svo má náttúrlega ekki gleyma því að þarna var Dylan og svo Megas. Hvenær kom fyrsta plata Megasar út, var það ekki 1970 eða 1971? Ég og mínir vinir urðum feiknarlega uppteknir af honum. Sigfús Daðason birti langt kvæði eftir Megas í *TMM* sem hét „Jason og gullna reyfið“ og við vorum nokkrir sem kunnum það næstum því utan að. Þetta er svona epískt kvæði um viðreisnarstjórnina og byggt á goðsögninni um Jason og gullna reyfið og byrjar á ljóðlínunum; „Mjólkursamsalan elur á úlfúð og hatri, uppgjafarlæknar tjá hug sinn í neðanmálsklausum …“

Halldór:
Við stoppum þetta núna því ég veit þú kannt þetta allt.

Einar:
Það var náttúrlega margt feiknarlega skemmtilegt og fyndið í þessu langa epíska kvæði um viðreisnarstjórnina. Jóhannes Nordal spilar þar mikla rullu því það er náttúrlega allt að fara í kaldakol á þessu skipi en þá kemur Jói og gerir abrakadabra, það er að segja fellir gengið, og þá lagast allt. Hann er þarna dálítið fyrirferðarmikill og einhvern tímann dúkkar upp faðir hans, Sigurður Nordal, í ljóðlínunni en Jói gefur flatkopp fullan af baunum föður sínum öldruðum með eyru. Mér fannst dálítið gott hjá Megasi að spauga með menn fyrir að vera eyrnastórir.

Halldór:
En það sem margir af góðum lesendum þínum hér vita kannski ekki er að fyrsta bókin sem þú sendir frá þér var ljóðabók!

Einar:
Já, maður var náttúrlega í skóla á fullu á veturna og svo í sumarvinnu

á milli. Maður var annað hvort að vinna eða í skóla og þá hentaði vel að fást við þetta litla form sem ljóðin eru. Ég held að ég hafi verið 21 árs eða 22 ára þegar ég fann að ég var farinn að ná einhverjum tökum á þessu. Árið 1977 orti ég ljóð sem heitir „Dagskrárlok“ og það var það fyrsta sem birtist eftir mig annars staðar en í skólablaðinu sem var svona verndaður vinnustaður. Það var í tímaritinu *Svart á hvítu* og svo skrifaði ég reyndar skáldsögu veturinn 1978 til 1979. Þá vorum við að byrja að búa saman, ég og konan mín, og áttum eina stelpu og okkur fæddist önnur þann vetur. Í staðinn fyrir að klára BA-prófið, sem ég hefði átt að gera miðað við það sem var í gangi, ég var búinn með tvo þriðju, þá ákvað ég að skrifa skáldsögu. Fór svo með hana vorið ‘79 upp í Mál og menningu en þeir Þorleifur Hauksson og Þröstur Ólafsson töldu þetta ekki vera nógu gott þótt þeir væru svona sæmilega uppörvandi. Ég náttúrlega úrskurðaði að þessir menn hefðu ekkert vit á bókmenntum sem reyndist að vísu rangt hjá mér því það var mikið gæfuspor að þeir skyldu ekki gefa þetta út. Ég var svolítið spældur yfir þessu því ég hafði ætlað að debútera, sem kallað er, árið ‘79 þannig að ég safnaði saman því skásta sem ég átti til ljóðakyns og gaf út undir heitinu *Loftræsting*. Ég hafði einhvern tímann heyrt í jazz-þætti í útvarpinu eitthvað jazz-verk sem hét „Loftræsting“ og mér fannst þetta svo fallegur titill.

Sjón:
Og þið gáfuð út saman bækur í rauninni, þú og Sigfús Bjartmarsson?

Einar:
Já, hann var í sömu hugleiðingum og þetta var á þeim tíma þegar allir voru að gefa út fjölritað og menn voru að selja þetta sjálfir. Það var dálítið farið að ganga sér til húðar, fannst manni. Það var hins vegar mikið lagt upp úr prentvinnslunni á tímaritinu *Svart á hvítu*, sem var stofnað af ungum mönnum, m.a. Friðriki Þór vini mínum. Bróðir Friðriks, sem heitir Þórleifur, var prentari upp í Odda og hann sá um layoutið og að gera þetta vel úr garði. Við ákváðum að láta þetta líta svolítið prófessjónal út.

Gerður Kristný:
Var til siðs að byrja á ljóðabók?

Einar:
Já, ég held það. Við tókum forskot á Einar Má, við mættum allt í einu með bækur. Hann hafði flutt til Kaupmannahafnar vorið ‘79, ég flutti um haustið ‘79 og mætti bara með ljóðabók. Hann var mjög hugsi og ákvað að hann þyrfti að bæta um betur svo hann gaf út þrjár árið eftir.

Halldór:
En þá varstu kominn í prósann?

Einar:
Já, menn sáu eitthvað í þessu fyrsta handriti mínu og sögðu: „Þarna ertu með eitthvað sem mætti nota.“ Aðalvandamálið við þessa fyrstu sögu, sem var aldrei gefin út, var að það voru þrjár aðalpersónur og þær voru mjög svipaðar, þær voru allar eins, þrír strákar sem hugsuðu eins. Þetta var mikill galli. Ég mundi stundum ekki sjálfur hver var að tala þegar ég var að skrifa þetta! Ég sá að ég myndi geta notað eitthvað úr hugarheimi þessarar sögu og umhverfi og sögusviði en þyrfti að hafa aðalpersónuna bara eina. Og þá byrjaði ég úti í Kaupmannahöfn, haustið 1979, að skrifa *Þetta eru asnar Guðjón* sem ég kláraði svo ári seinna, rétt fyrir jól 1980. Þá hafði ég kynnst Ólafi Gunnarssyni, úti í Kaupmannahöfn. Hann hafði gefið út tvær til þrjár bækur og var mun eldri og vitrari en ég og þegar ég hitti hann fylltist ég mikilli lotningu. Hann hafði þá gefið út bókina *Milljón prósent menn* og var að klára aðra sem heitir *Ljóstollur*. Hann var að fara heim 1980 þar sem *Ljóstollur* var að koma út og hann tók með sér handritið mitt að *Þetta eru asnar Guðjón* til vinar síns Jóhanns Páls Valdimarssonar útgefanda. Hann sagði að sér þætti þetta ágætis bók en að mannlífið væri full deprímerandi fyrir sinn smekk. Þá sendi ég það til Þorleifs, sem hafði hafnað fyrstu sögunni minni, og hann sendi mér skeyti sem kom um páskana 1981: „Bókin samþykkt, kemur út í haust.“ Þá var mikil hátíð í bæ hjá okkur, fjölskyldunni á Öresundskollegíinu.

Sögur um utangarðsfólk

Gerður Kristný:
Þetta er býsna kröftug skáldsaga, þú ert svolítið að æfa þig í persónu-

sköpun, fullt af sniðugum strákum þarna. Hvað finnst þér um hana núna? Hefurðu lesið hana nýlega?

Einar:
Já, ég kíkti á hana áður en hún var gefin út í stórbók Máls og menningar og ég hafði ekkert út á hana að setja. Maður er nú samt kannski ekki með opinberar skoðanir á sínum eigin verkum.

Sjón:
En titillinn segir nú ansi margt um hvar þú staðsetur þig. Þú tekur þarna fagurfræðilega og menningarlega afstöðu strax til þess hvar þú ætlar að staðsetja þig í söguheiminum. Þú ætlar ekki að segja sögur af háborgurum og hámenningarlegum turnum, þú ferð strax að segja sögur af alþýðufólki eða fólki sem er einhvers staðar á kantinum. Af hverju endaðir þú á þessum slóðum mannlífsins?

Einar:
Það var nú ekki langsóttara en svo með þessa fyrstu bók, *Þetta eru asnar Guðjón*, að ég ákvað að þetta væru mínir kreðsar. Bókin er um strák sem er rúmlega tvítugur. Hann er í skóla og er að vinna og fer á sjó og svona. Ég notaði ýmislegt sem ég hafði sjálfur upplifað. Rétt eftir stúdentspróf datt ég einmitt inn á togara, þetta var nú einn af síðustu túrum hans, var eiginlega bara svona rónaskip þar sem menn voru bara sjanghæjaðir úr rennusteininum. Þeir horfðu alveg forviða á mig, einhvern unglingspilt, nýbúinn með menntaskóla. „Hvað ert þú að gera hér?“ sögðu þeir. Björgvin ÍS 301 hafði reyndar verið gerður út frá Dalvík lengst af, hét þá EA 311 og var svokallaður tappatogari. Þetta var stórkostleg lífsreynsla náttúrlega og ég notaði hana í *Þetta eru asnar Guðjón*. Ég man þegar bókin kom út þá var dálítið í tísku að vera með bókatitla sem voru einhvers konar stef við sögur; „Fiskisagan flýgur“, „Sögur til næsta bæjar“ og eitthvað svona. Og það var vinur minn úti í Kaupmannahöfn sem sagði: „Það var gott hjá Einari að vera ekki eins og allir með þessa titla. Hann er með frumlegan titil: *Þetta eru asnar Guðjón*.“ Og þá sagði annar vinur minn sem býr enn þarna úti: „Það er nú ekkert frumlegt við þennan titil, hann er eiginlega stæling á *Haldið þér kjafti frú Sigríður*! eftir Dag Þorleifsson um Ólaf frá Oddhóli.“

Halldór:
Það er góð saga en sú bók kom að vísu út síðar! En við vorum að rifja þetta upp um daginn og handritið að fyrstu bókinni hét „Eitthvað verður að breytast“ og það er kannski líka sá andi sem er í Guðjóni. Þetta er líka svona *Bjargvætturinn í grasinu*, sem hver höfundur kannski skrifar, fyrsta uppgjörsbókin við allt í kringum sig.

Einar:
Þetta er alveg rétt, ég hafði lesið nokkrar bækur af því tagi og *Bjargvætturinn í grasinu* eða *Catcher in the Rye* eftir Salinger er kannski frægust þeirra. Það voru tveir Danir sem höfðu skrifað svona bækur og annar þeirra er Rifbjerg sem skrifaði *Den kroniske uskyld* sem var feiknarlega góð bók og fyrsta skáldsagan hans. Þá kom út í öllum löndum einhver svoleiðis bók og ég man að við vorum að ræða uppi í Háskóla einhvern tímann hvort það væri til íslensk bók eins og *Catcher in the Rye* og ég var með þá kenningu að hún væri til og héti *Vögguvísa* eftir Elías Mar. En ég var samt klár á því að það væri allt í lagi að fara aðeins í þetta far. Og einmitt þessi tilfinning ungs fólks að finnast allt fáránlegt og sjá dálítið á þennan skemmtilega hátt, horfa með dálitlu oflæti yfir allt sem var hefðbundið og gamaldags.

Halldór:
En síðan ferðu bara áfram á þessu sviði í þessum söguheimi sem Sjón var að nefna inn í Eyja-bækurnar sem voru svo vinsælar. Við unnum saman að sumum þeirra síðar meir og ég man að þú sagðir einhvern tímann við mig, þegar búið var að gefa þær út innbundnar og í kiljum og í klúbbum og kvikmynda þær og gera leikrit, að nú vantaði bara Djöflaeyjuspilið!

Einar:
Já, maður sá það fyrir sér: Maður kastar upp teningi og lendir á kenderíi með Badda úr Thule og verður að bíða eina umferð. Við eigum þetta bara eftir!

Halldór:
Segðu okkur aðeins frá þessum söguheimi, hvernig þér fannst að skrifa þessar bækur.

Einar:
Ég var alltaf einhvern veginn að leita að óvenjulegu fólki við óvenjulegar aðstæður. Ég hafði orðið alveg gífurlega upptekinn og hrifinn af *Góða dátanum Svejk* og sögum þar sem eru svona „extreme“ aðstæður og persónurnar eru fyndnar og óvenjulegar og dregnar sterkum litum. Og bókum eins og *Tortilla Flat* eftir Steinbeck, um svona utangarðsmenn og hóbóa. Hún var nú þýdd *Kátir voru karlar* á íslensku og reyndar var það sami þýðandi og þýddi *Góða dátann*, Karl Ísfeld. Það eina sem er ekki gott er kannski titillinn. En ég var alltaf að leita að einhverju svoleiðis. Og þegar þessi hugmynd kemur upp um svona hálfgert utangarðsfólk, sem býr við þessar óvenjulegu aðstæður í braggahverfi, þá fann ég að þetta væri nákvæmlega það sem ég var að leita að, svona sögusvið og svona fólk.

Svo er annað, ég áttaði mig fljótt á að það hentaði mér vel að vera með margar persónur, að skrifa svona kollektívar sögur. Í staðinn fyrir að kafa kannski ofan í eina aðalsögupersónu, að vera með margar persónur sem fyrir vikið verða að vera dregnar sterkum dráttum. Þær verða að vera litríkar til að skera sig hver frá annarri. Mér fannst þegar ég var kominn í þennan söguheim að þarna myndi ég una mér vel.

Halldór:
Maður sér bæði stemmningu og frásagnartækni breytast í bókunum þremur. Þetta er svona glaðbeitt í *Djöflaeyjunni* og fólkið er allt pínulítið hlægilegt en svo notarðu *Gulleyjuna* til þess að fara inn í bróður Badda með birtingum úr dagbókum, nánast að fá sjónarhorn inn í söguna líka.

Einar:
Ég man að maður lærði í kúrsi hjá Niði P. Njarðvík uppi í Háskóla, Eðlisháttum skáldsögunnar til dæmis, að algengustu frásagnarhættir væru frásögn í þriðju persónu, þar sem alvitur sögumaður stendur utan við, eða í fyrstu persónu, þar sem ein af persónunum segir frá. Þegar ég fór að vinna í þessu, áttaði ég mig á að þetta er miklu meira heldur en einhver tæknilegur munur. Það er reginmunur á upplifuninni og þessi þriðju persónu frásögn – svona eins og í *Íslendingasögunum* – gefur dálítið kalda fjarlægð þannig að það er mjög auðvelt að gera allt spaugilegt, jafnvel það sem er kannski tragískt. Það er auðvelt

að gera það dálítið hlægilegt með því að lýsa því með þriðju persónu aðferð einhvers sögumanns sem stendur utan við. Það er enginn vandi að gera fyllerí og slagsmál og rugl um miðjar nætur í einhverju húsi inni í braggahverfi kómískt og gróteskt með þessari aðferð. En hins vegar, ef maður notar fyrstu persónu aðferðina og sé maður ein af persónunum inni í látunum að segja frá, þá er náttúrlega allt annað uppi á teningnum. Þá verður það, sem er dálítið hlægilegt og fjarlægt í þriðju persónu, dálítið skelfilegt. Ég sá að það voru möguleikar að fara inn í þennan söguheim með því að láta einhvern í hópnum taka til máls. Ég byrjaði aðeins á því í Gulleyjunni og svo miklu meira í þriðju Eyja-bókinni.

Halldór:
Já, sem er að miklu leyti skrifuð í fyrstu persónu, þriðja bindið?

Einar:
Já, þessari sem heitir *Fyrirheitna landið*.

Gerður Kristný:
Þú handskrifaðir þessar bækur. Heldurðu að þær hefðu breyst ef þú hefðir verið með tölvu á þessum tíma? Var þetta mikið stökk?

Einar:
Já, það var töluvert stökk. Ég fékk tölvu árið 1998. Mér fannst alltaf eðlilegast að handskrifa og svo vann ég mikið á söfnum, í Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn og Landsbókasafninu. Þá kom ég bara með tösku og í henni voru auð blöð og það sem maður var búinn að skrifa og svo sat ég bara þar með penna og skrifaði. Ég gerðist mikill sérvitringur með penna, það var lang mýkst að skrifa með sjálfblekungi eða lindarpenna en hins vegar ef maður stoppaði þá vildi þorna í oddinum og þá komu alltaf klessur á blaðið. Mér fannst miklu harðara að skrifa með kúlupenna.

Halldór:
Þetta er eins og á 19. öld fyrir fólk að heyra svona!

Einar:
Svo komu þessir grænu pennar með fljótandi bleki og kúlu. Það fannst mér mikið progress og skrifaði með því en stundum skrifaði ég svo

mikið og hratt að kúlan hitnaði og skaust út! Þá kom Parker með penna sem voru með stálumgjörð en það vildi ískra dálítið í þeim og það fór rosalega í taugarnar á mér. Svoleiðis að þetta skipti máli.

Ég man að á Konunglega bókasafninu, þar sem ég kom alltaf með handritastaflann og sat og skrifaði, voru nokkur borð sem á stóð: „Reservered for arbejde med håndskrifter“ og einhvern tímann þegar ég fékk ekki borð þá settist ég þar og hugsaði með mér: „Ja, ég er að vinna með handrit, hvað er þetta – það verður ekkert framhjá því litið.“ En þeir hefðu orðið langleitir útgefendurnir ef maður hefði skilað þessu inn handskrifuðu, þannig að undir lokin þá þurfti ég að vélrita allt upp sem var heilmikil vinna því ég var ekki mjög fljótur.

En svo komu tölvurnar til skjalanna. Það var að vísu mun styttri leið frá því að skrifa í höndunum og fara yfir á tölvu heldur en að skrifa í höndunum og skrifa svo á ritvél: Ef maður skrifar í höndunum þá leiðréttir maður bara með því að krassa yfir og heldur áfram og á tölvunni gat maður bara farið til baka og haldið áfram en ritvélin setti manni miklu þrengri skorður. Þetta var slæmt fyrst þegar tölvurnar komu því þá gat maður ekki lengur setið á lessölum og skrifað en nú getur maður setið á lessölum og skrifað á tölvur.

Halldór:
Og bráðum getur maður bara talað í þær! En nú erum við komin þar sem Óli Alexander og bróðir hans eru að verða þrítugir og núna ætlar KK að syngja fyrir okkur eitt lag og að söng hans loknum gerum við 20 mínútna hlé. Kristján, gjörðu svo vel.

Hlé

Halldór:
Við þökkum KK kærlega fyrir. Ég má nú til með að segja ykkur sem dæmi um snilld Kristjáns að það var að ósk Einars sem hann spilaði Dylan-lagið gamla „Forever young“ - það er líka óskhyggja Einars! En þetta var líka í fyrsta skipti sem Kristján spilaði þetta lag og verður ekki betur gert. En nú höldum við áfram okkar umræðum og ég byrja á að gefa þér orðið, Sigurjón!

Bækur eru almenningseign

Sjón:
Já, mér finnst við ekki alveg geta skilið við Eyja-bækurnar svokölluðu án þess að minnast á hversu stórkostlegar viðtökur þær fengu. Ég held að það sé nú bara með eindæmum að höfundur, sem kemur út með sína aðra skáldsögu, fái þvílíka meðferð hjá lesendum og gagnrýnendum. Í mínum huga eru þessar bækur, *Djöflaeyjan* og *Gulleyjan*, á vissan hátt upphaf að miklu blómaskeiði í íslenskum bókmenntum. Ég held það sé meðal annars vegna þess að hinn lesandi almenningur fékk allt í einu að vera með. Einar opnar sýn á hluta af reykvískri og íslenskri tilveru, sem hafði verið okkur hulin eða sveipaður einhverri skömm, sem voru þessi braggahverfi. Einar, hvernig var að taka á móti þessari miklu fagnaðarbylgju og ekki bara það heldur í rauninni að gerast þjónn hennar vegna þess að þú hlýtur að hafa lifað í þessu verki í ein fimm, sex, sjö ár? Hvernig var það að njóta svona velgengni, var það ekki erfitt?

Einar:
Fyrst segi ég nú eins og Thor, vinur minn, Vilhjálmsson segir oft þegar hann vitnar í einn vin sinn sem sagði alltaf við hann: „You say the sweetest things!“ Þetta var nú fallega að orði komist. Það sýnir nú kannski bara dekrið og heimtufrekjuna að mér fannst þetta bara einhvern veginn allt frekar sjálfsagt! Til dæmis þegar fyrsta skáldsagan kom út, *Þetta eru asnar Guðjón*, þá fékk ég senda eina sjö eða átta ritdóma út til Danmerkur þar sem ég bjó og þeir voru allir mjög lofsamlegir. Svo þegar *Djöflaeyjan* kom út þá var það sama uppi á teningnum og ég var farinn að halda að ég væri eitthvert dekurdýr gagnrýnenda en átti nú eftir að komast á aðra skoðun! Þetta gekk ágætlega en þegar báðar þessar bækur komu út, bæði *Djöflaeyjan* og *Gulleyjan*, þá seldust þær ekkert rosalega vel, þær voru bara í einhverri meðalsölu. Það var í rauninni ekki fyrr en, að ég held, Kjartan Ragnarsson gerði leikrit upp úr þessum tveimur bókum árið 1987 sem þær fóru að fara jafn víða og þær gerðu.

Það var dálítið merkilegt að þarna í febrúar 1987 þá voru frumsýnd tvö verk, með nokkurra daga millibili, sem ég var eitthvað viðriðinn. Það var leikritið *Djöflaeyjan*, úti í Skemmu, eftir Kjartan Ragnarsson og það

var *Skytturnar*, fyrsta leikna mynd Friðriks Þórs sem við höfðum samið handritið að saman. Ég var sjálfur gífurlega ánægður með *Skytturnar*. Við höfðum skemmt okkur mjög vel við að semja handritið og þar voru margar senur sem mér fannst sjálfum að hlytu að hitta beint í þjóðarhjartað. Ég var sannfærður um að það yrði mikill almennur fögnuður um allt land þegar *Skytturnar* yrðu frumsýndar en hafði hins vegar mjög stórar efasemdir um þessa leiksýningu. Ég hafði komið á nokkrar æfingar og það var margt sem mér fannst svona dálítið framandi og skringilegt og var aðeins smeykur við að þetta yrði nú ekki mikið en *Skytturnar* myndu bæta það upp. En svo varð það öfugt. *Skytturnar* fengu engar sérstakar vinsældir og tiltölulega dræma aðsókn en *Djöflaeyjan* sló algjörlega í gegn. Ég man hvað ég varð undrandi á frumsýningunni hvað menn hlógu svakalega að leikritinu, þarna úti í Skemmu. Sverrir Hermannsson var þá menntamálaráðherra og sat fyrir aftan mig og það nötraði allur bekkurinn af því hann hló svo mikið. Svo kom bíómyndin og hún fékk 80 þúsund áhorfendur. Og reyndar er það dálítið lýsandi fyrir samfélagið íslenska að það er sama hvar maður kemur, í hvaða þjóðfélagshópa eða hvar maður er á landinu, maður er alltaf að hitta fólk sem fer að tala við mann um bækurnar og þekkir þær alveg jafn vel og maður sjálfur. Þetta eru stórkostleg forréttindi og er náttúrlega bara frábært, ekkert öðruvísi.

Halldór:
Þá eru náttúrlega bækurnar orðnar viðskila við höfundinn. Það var nú gaman að fá að vera útgefandi *Djöflaeyjunnar* á þessum árum þegar allir skólakrakkar voru píndir með henni! Mér er alltaf minnisstætt þegar þú skrifaðir ritgerð fyrir frænda þinn um persónur í *Djöflaeyjunni* og fórst á kostum. Ég held að það hafi verið 20 til 30 blaðsíður sem þú skrifaðir fyrir 14 ára pilt þar sem þú sagðir deili á öllum persónunum og hvað þú hafðir hugsað með þær. Svo fékk drengurinn einkunnina fjóra því hann hafði gjörsamlega misskilið allt í verkinu!

Einar:
Já, þetta er alveg hárrétt. Þetta var menntaskólaritgerð sem ég hjálpaði drengnum með og fékk algjöra falleinkunn því hann hafði ekkert skilið í þessari sögu, sko maðurinn sem samdi ritgerðina! Seinna, þegar *Killiansfólkið* var í útvarpinu sem útvarpsaga, þá vorum við Hildur að ferðast saman og það var sama hvar maður kom, alls staðar höfðu

menn verið að hlusta á lesturinn fyrr um daginn. Það eru náttúrlega sérstök forréttindi að vera íslenskur höfundur að þessu leyti. Í nágrannalöndunum, eins og Bretlandi eða Þýskalandi, þar er eins og bókmenntir komi heilu þjóðfélagshópunum ekki við, að þær tilheyri bara ekki þeirra heimi. Hérna eru bækur almenningseign.

Góð saga hefur gildi

Gerður Kristný:
En af hverju heldurðu að þessar bækur hafi slegið svona í gegn? Er það tíðarandinn, heimsstyrjöldin eða kannski persónurnar?

Einar:
Það er náttúrlega útilokað að leggja á það einhvern dóm en á þessum árum þegar höfundar komu í viðtöl þá voru þeir alltaf að skýra út hvað þeir væru að fara með sínum verkum. Þeir vildu varpa ljósi á eitthvað og ég þótti hálf bjánalegur og frumstæður þegar ég sagði: „Mig langar bara að koma og segja skemmtilegar sögur.“ Það var meiningin að segja sögur sem höfðu skemmt mér og ég hafði heyrt skemmtilegt fólk segja. Ég held að þegar maður segir sögur af skemmtilegu fólki og sögulegum viðburðum þá sé það eitthvað sem fólk vill lesa. Þetta er nú, held ég, ekki flóknara en það!

Halldór:
En svo, eins og við töluðum um áðan, þá veistu vel að þetta er flóknara en það, að því leyti að skáldsagnahöfundur þarf alltaf að hugleiða sín verkfæri! Svo heldurðu áfram með stóra fjölskyldusögu í *Heimskra manna ráðum* og *Killiansfólkinu* og þá ertu kominn með sögumann sem er inni í sögunni og höfundurinn er orðinn partur af sögunni og aumingja drengurinn þarf að dragnast með Halldór Killian ofan á allt annað. Þannig að þetta eru líka bækur um bókmenntir að einhverju leyti.

Einar:
Já, þetta var orðið úthugsað þegar að því kom. Þetta er fjölskyldusaga og þetta eru bækur sem heita *Heimskra manna ráð* og svo *Kvikasilfur* og þær voru svo gefnar út saman sem *Killiansfólkið*. Þetta er söguefni

sem ég hafði eiginlega verið að hugsa um áður en ég skrifaði *Djöflaeyjuna* um fólkið í Kampinum. Það voru ýmsar svona kveikjur í kringum mig, það er að segja í fjölskyldunni, aðallega í föðurætt minni. Þar höfðu gerst alls konar atburðir sem ég hugsaði með mér að ég gæti notað í skáldskap. *Djöflaeyjan* kom út '83 og *Gulleyjan* '85 og svo skrifaði ég smásögur sem komu út '87 og fór síðan aftur í þennan söguheim um fólkið í Kampinum. Það kom út '89 og þá var ég kominn með dálítið óþol að byrja á einhverju nýju og var búinn að ákveða að það yrði aftur svona fjölskyldusaga af því ég hugsaði með mér að það hentaði mér ágætlega að vera með svona margar persónur. Og þá er fjölskylda mjög nærtæk og ef maður er með fjölskyldu þá er líka gott að hún hafi ættarnafn til þess að líma hana saman, svo að ég fann þetta nafn sem menn voru að taka upp snemma á 20. öld, *Killian*, eftir írskum dýrlingi. Þannig að ég hugsaði: Ef ég skrifa þetta í þriðju persónu þá verð ég að eiga leið inn í söguheiminn beint. Þannig að það kemur smám saman í ljós að það er einn úr fjölskyldunni sem skrifar söguna. Hann getur farið og tekið viðtöl við annað fólk í sögunni vegna þess að hann er að undirbúa sig; hann er að safna í þessa sögu. Ég var nú kominn vel á veg með þetta þegar ég fór að hugsa: Hvað heitir þá strákurinn sem er að semja söguna, það er höfundurinn? Og þá fannst mér ég voða fyndinn þegar mér datt í hug: Auðvitað heitir hann Halldór Killian!

Gerður Kristný:
Þú hefur sagt í viðtölum að þér finnist skemmtilegra að skrifa um fólk sem hefur beðið skipbrot frekar en það sem er í rífandi uppgangi. Það sést nú ágætlega á *Killiansfólkinu*: Halldór Killian er nú frekar óviss á sínu, allir aðrir eru frekar öryggir um að þeir séu á réttri leið en svo kemur náttúrlega annað í ljós. Þú hefur greinilega mestu samúðina með Halldóri. Er þetta draumsýn hjá þér? Langar þig til að fólk, eins og hann, ráði ferðinni í þjóðfélaginu frekar en burgeisarnir sem eru við stýrið?

Einar:
Hann er náttúrlega að kljást við einhvers konar rithöfundametnað, þessi persóna sem ég lýsi þarna. Og ég hafði kannski nærtækar fyrirmyndir þar. Ég var ekki beint með boðskap um það hverjir ættu að stjórna þjóðfélaginu en ég ætlaði alltaf að boða einhvers konar

húmanisma. Og það má sjá í svona lykilköflum að menn komast að þeirri niðurstöðu þegar þeim finnst allt vera að mistakast að, þegar betur er að gáð, þá er allt í lagi því það eru allir frískir og það eru allir glaðir og hvaða máli skiptir þá þótt eitt fyrirtæki fari á hausinn?

Halldór:
Það má segja að þessi boðskapur gangi í endurnýjun lífdaga um þessar mundir!

Sjón:
Einar, þú segir einmitt í viðtölum að þú viljir bara segja skemmtilega sögu og þú hefur greinilega óbilandi trú á því að sögumaðurinn þurfi ekki að hafa svo miklar áhyggjur af því að saga vel sögð flytji með sér stærri skilaboð heldur en liggja kannski svona á yfirborðinu.

Einar:
Vel sögð saga hefur gildi í sjálfri sér. Hún þarf ekkert að sækja sér gildi eitthvað annað, að kenna um leið umferðarreglurnar eða eitthvað slíkt.

Sjón:
Einmitt og það er nokkuð ljóst af því sem þú skrifar. En ég hef stundum fengið á tilfinninguna að í seinni tíð hafi menn stundum tekið þig full-mikið á orðinu og hafi kannski á tilfinningunni að þetta renni bara upp úr þér. Að þú farir bara niður á Þjóðarbókhlöðu og skrúfir frá krananum og farir svo heim eftir tvo til þrjá klukkutíma og þá séu komnar 50 síður, að sagan hafi bara sagt sig sjálf. En það er einmitt, finnst mér, nokkuð greinilegt á Killiansfólkinu að þar er á ferðinni höfundur sem heldur mjög vel utan um efnið sitt og beitir ýmsum stílbrögðum til þess að færa mann á bólakaf í persónurnar. Þar er til dæmis farið í svona „stream of consciousness“ þegar Geirmundur nær í mág sinn og fer með hann á sjó og það er stokkið í viðtöl og hingað og þangað. En það er annað sem er mjög skemmtilegt í þeirri bók og það er hvernig hún er byggð í kringum fjölskylduviðburði, veislur í fjölskyldunni. Maður þarf ekki að skoða þetta mjög lengi til að sjá að þarna er höfundur sem er að pakka þessu mjög vel og umhyggjusamlega inn fyrir lesandann því fáa texta les maður á íslensku sem renna jafn vel og textarnir þínir. Svo ég haldi nú áfram að klappa þér aðeins!

Einar:
Úr því þú segir þetta neyðist ég til að trúa því, annars hefði ég ekki gert það!

Sögulegar skáldsögur og Stormur

Halldór:
En svo hefur Einar líka reynt fyrir sér á allt öðrum slóðum, það er í sögulegum skáldsögum. Með Badda í *Djöflaeyjunni* er Einar orðinn sögumaður töffarans sem er líka dálítið skemmtilegt því í rauninni er hann umkringdur kvenfólki, með eiginkonu og fjórar dætur, og það er ekkert karlmannlegt í kringum hann! Svo er hann alltaf að skrifa um þessa töffara sí og æ. Var það ekki söguefni sem var búið að fresta mjög lengi þegar þú ferð svo í *Óvinafagnaði* aftur í 13. öldina og í raun uppruna hinna íslensku töffara á 13. öld?

Einar:
Að vísu var þetta eitthvað sem leitaði á hugann, að maður mætti ekki festast í því að verða höfundur trílógíunnar úr Kampinum en síðan var það næsta sem ég gerði kollektív fjölskyldusaga frá 20. öld og þá hugsaði maður: „Ókei, ég er kominn ofan í þetta far“. Það eru margir höfundar sem skrifa eina bók og skrifa svo kannski 20 aðrar sem eru alltaf tilbrigði við sömu bókina. Það eru oft frábærir höfundar, ég segi það ekki. En ég hafði alla vega ekki áhuga á því svoleiðis og ég ákvað alveg markvisst að skrifa sögulega skáldsögu og gerði fyrst Norðurljós sem gerist á 18. öldinni, sem er myrkasta öldin í íslenskri sögu. Ég var ansi upptekinn af þeim hryllingi sem þjóðin þurfti að búa við á þeim tímum. Og það var feiknarlega erfitt að skipta svona um gír og fara úr fjölskylduviðburðum, veislum í fjölskyldum, samtölum og svo framvegis. Maður hefur upplifað mikið af þessu og á mjög auðvelt með að setja sér þetta fyrir sjónir en þegar maður fer að skrifa um líf fólks á 17. öld þá er náttúrlega allt annað uppi á teningnum. Þá hefur maður ekki beinlínis neitt til að byggja á, úr eigin reynslu.

En af því þú nefndir *Óvinafagnað*, sem er 13. aldar saga, þá var fyrsta hugmyndin hjá mér sú að lýsa persónunum á sviðinu eins og nútímafólki. Mér finnst oft að í sögulegum skáldsögum þá sé verið að lýsa

annarri dýrategund en maður umgengst vanalega, það er að segja það er einhver fjarlægð. Það er eins og sögupersónurnar hafi tendens til að verða Neanderdalsmaðurinn og Cro-Magnon maðurinn í sögulegum skáldsögum. Kári Stefánsson hefur bent á að það hafi ekki lifað nema um það bil 30 kynslóðir á Íslandi þannig að frá 13. öld hafa lifað um það bil 20 kynslóðir. Á flestum heimilum eru til myndir af kannski sex kynslóðum saman, langalangömmu með nýfætt barn og öllum hinum og, ef maður raðar fimm svoleiðis myndum saman, er maður kominn aftur á 13. öld. Auðvitað er þetta allt nákvæmlega eins fólk.

Þrettánda öldin var líka að mörgu leyti, held ég, líkari 20. öldinni heldur en þessar myrku aldir sem voru þarna á milli, með allri velmeguninni á þeim tíma þó að það væri borgarastríð. Það var gífurlega blómlegt menningarlíf á þessum tíma. Það var verið að skrifa stórkostlegar bókmenntir út um allt og Íslendingar voru í töluvert miklum tengslum við umheiminn. Ef menn þurftu að bregða sér utan þá var bara hoppað í skip og farið. Menn fóru ekki bara til nágrannalandanna heldur líka til Rómar og Jórsala og hvað sem var. Svo ég ákvað að þetta væri fólk sem væri nákvæmlega eins og við. Aukaatriði eins og samgöngutæki breyta engu um það. Fólk verður ekkert öðruvísi af að sigla á skipi eða fljúga í flugvél eða fara á bíl eða hesti. Þrettánda öldin hafði lengi heillað mig. Það var borgarastríð á 13. öld og samt var öll þessi stórkostlega menning að spretta upp. Það var verið að skrifa Íslendingasögurnar og Eddukvæðin og fleira.

Þetta minnir mig á samtal úr *Þriðja manninum* eftir Graham Greene þar sem einhver er að halda því fram að stríð sé ekki jafn vont og allir vilji meina því upp úr stríði komi oft mikil og skapandi hugsun. Hann vitnaði í „renaissance“-öldina, sem var svona hundrað árum seinna á Ítalíu, og sagði: „Það logaði allt í borgarastríðum á Ítalíuskaganum en samt var búin til öll þessi stórkostlega menning. En líttu aftur á móti á Sviss. Þar hefur verið friður og velmegun í eitt þúsund ár og ekkert hefur komið út úr því nema gauksklukkan!“

Halldór:
Þarna fór húmaníski boðskapurinn sem þú varst að reyna að koma að þarna áðan!

Sjón:
Óvinafagnaður hefur mjög sérstaka nálgun, það er aðferðin sem þú notar er mjög nýstárleg því sagan er öll sögð í fyrstu persónu, af öllum persónum bókarinnar. Hvernig dastu niður á þá hugmynd? Þú hefur nú sagt að þú hafir fengið þetta að láni frá Faulkner?

Einar:
Þetta var nú reyndar þannig að ég var kominn með efnið í skáldsöguna *Storm*. Ég var alveg með það í hausnum en var mjög lengi að finna frásagnaraðferðina fyrir hana. Ég hugsaði með mér: Þetta er maður sem verður að tjá sig, aðalpersónan er eiginlega fyrst og fremst tjáning. Hann vinnur engin sérstök afrek en hann hefur sýn og hann hefur aðferð til að lýsa hlutum.

Halldór:
Eins og við heyrðum í upplestri Karls áðan!

Einar:
Ég var dálítið upptekinn af bók eftir Martin Amis, sem kom hérna á Bókmenntahátíð, sem heitir *Money*. Ef við þýddum það á íslensku yrði það líklega *Auðmagnið*. Þar er persóna sem er ekki ósvipuð Storminum, það er að segja hálfgerður skíthæll en hann svona sér í gegnum allt og er klár. Hann heitir John Self. Ég var dálítið upptekinn af þessari bók og var að lána ýmsum vinum mínum hana og segja: „Þið verðið að lesa þetta.“ Ég man að Halldór Guðmundsson, vinur minn, las bókina og sagði: „Ég var nú að verða vitlaus á þessum manni, fordómum hans og hroka og svívirðingum um allt og alla.“

Halldór:
Eftir síðu 400, sko!

Einar:
Svo ég hugsaði: Ef ég skrifa *Storminn* í fyrstu persónu þá fær fólk alveg upp í háls af hroka þessa manns. Hins vegar er útilokað að ætla að lýsa honum utan frá, án þess að hann tjái sig. Í þessum vandræðum datt ég um grein í einhverju blaði þar sem enski höfundurinn Graham Swift var sakaður um ritstuld fyrir að hafa stolið í heilu lagi frásagnaraðferð frá William Faulkner. William Faulkner hafði skrifað bók um

1930 sem hét *As I lay dying* og hann skrifaði bók sem hét á íslensku *Hestaskálin* eða *The Last Orders* og hann algjörlega fylgir formúlu Faulkners. Einn kaflinn er meira að segja bara ein setning eins og hjá Faulkner. Þá hugsaði ég með mér: „Nú, af því að Graham Swift stal þessu frá Faulkner, þá stel ég þessu í heilu lagi frá Graham Swift!“ Og ég fylgdi þessu svo út í ystu æsar að einn kaflinn er bara ein setning. Í bók Faulkners er kaflinn svona: „My mother is a fish“ eða „Móðir mín er fiskur“. Mér fannst ég dálítið sniðugur, ég held að enginn annar hafi tekið eftir því, en ég lét minn kafla vera: „Bróðir minn er skítseyði!“

Halldór:
Einhvern veginn munurinn á þér og Faulkner í einni setningu! En það má segja að 13. öldin sé stærsta viðmiðið í íslenskri frásagnarlist, fyrir utan Laxness sem við töluðum um hér áðan, og íslenskir höfundar eiga því erfitt með að fara aftur í þennan tíma.

Sjón:
Það er sennilega ein mesta áskorun, sem höfundur getur valið sér, að takast á við þennan tíma og þennan arf og þessa miklu frásagnarmeistara.

Gerður Kristný:
Má það nokkuð? Manni er kennt í skóla að bera svo mikla virðingu fyrir þessum bókum.

Sjón:
Ég ætla nú ekki að svara þessu fyrir Einar en fyrir mig bara: Ég held að það megi alveg og mér sýnist Einar hafa gert það og leyst það í rauninni alveg aðdáunarlega. Með því að taka þessa fyrstu persónu frásagnaraðferð þá sleppur hann undan svona stílæfingum sem oft fylgja því sjálfkrafa að takast á við þennan tíma.

Og svo líka, afsakið að ég sé að tjá mig um þetta hérna, það sem Einar hjálpar manni að uppgötva er að maður er kominn svo nálægt vestranum. Það er alveg virkilega spennandi að lesa *Óvinafögnuð* sem vestra því það er allt þarna, er það ekki? En Gerður spurði hvort þú mættir þetta?

Einar:
Já, þetta er söguefni úr *Sturlungu*, sem ég held gífurlega mikið upp á. Ef við erum aðeins fræðileg og tölum um frásagnaraðferð eða þessa klassísku kaldhömruðu epísku frásögn versus nútímabókmenntir þá er rosalega gaman að skoða *Sturlungu* og *Íslendingasögurnar* sem eru náttúrlega skrifaðar á sama tíma og örugglega að einhverju leyti af sömu höfundunum. Og stundum um algjörlega hliðstæða atburði. Flugumýrarbrenna, sem er dramatískasti kaflinn í *Sturlungu*, er algjörlega hliðstæður atburður við Njálsbrennu. Það kemur óvinaflokkur, umkringir bæ, þeir reyna að brjótast inn en þar inni í öllum dyrum og gluggum er varist með vopnum. Þá er ákveðið að leggja eld að bænum, konum og börnum boðin útganga og svo framvegis. *Njála* er söguleg skáldsaga með þessa dálítið kaldhömruðu sögulegu fjarlægð sem þýðir að persónurnar eru dregnar svolítið hetjulegum dráttum. Þessi fjarlægð gerir það að verkum að í Njálsbrennu er allt dálítið tignarlegt. Fólk talar í háflegnu máli inni í eldinum. Þessi frægu orð: „Ung var ég gefin Njáli“, eru sögð inni í brennandi húsi. Sveinninn, barnabarn þeirra Njáls og Bergþóru, heldur líka mjög fallega ræðu. Svo fara þau saman og leggjast út af undir nautshánni og þetta er svona friðsæl og hlýleg lýsing eins og amma og afi séu að fara að lesa fyrir barnabarnið. Skarphéðinn kastar fram vísum. Við finnum aldrei fyrir hita eða skelfingu eða neinu slíku. Síðan er lýsingin á Flugumýrarbrennu sem er samtímaviðburður og þá eru þetta orðið sambærilegt við nútímabókmenntir. Það fyrsta sem maður finnur er hryllingurinn, það er hitinn, það er reykurinn, það er óttinn, og svo framvegis.

Halldór:
Þess vegna ert þú frekar Sturlungumaður í raun og veru?

Einar:
Já, hún á gífurlega mikið skylt við nútímabókmenntir, sérstaklega eftir 1970 til 1980.

Kvikmyndagerð

Halldór:
En af því Sjón minntist á vestra þá þurfum við að koma aðeins inn

á önnur spor sem þú hefur tekið á þínum listræna ferli og þar eru kvikmyndirnar aðkallandi. Þú hefur skrifað kvikmyndahandrit og unnið mikið með Friðriki Þór. Við Gerður vorum að rifja það upp líka, sem má ekki gleymast, að þú átt kvikmyndaferil sem leikari. Hvernig var að leika í þáttunum um Hildi, í dönskukennslunni?

Einar:
Það var náttúrlega stórbrotin lífsreynsla, að sjálfsögðu. Ég bjó úti í Kaupmannahöfn og mig vantaði sumarvinnu og þetta var sú auðveldasta sem ég hef nokkru sinni komist í.

Gerður Kristný:
Þú lékst Kjartan eiturlyfjafíkil sem Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir var alltaf að elta út um allt!

Einar:
Já, einmitt. Ég hef aldrei séð þessa þætti, vel að merkja. En þetta var mjög svipað hlutverk og einhenti maðurinn í „Flóttamanninum“ með David Janssen. Það snerist allt um einhenta manninn en hann sást bara einstaka sinnum gægjast fyrir horn, hann var svo dularfullur sko. Ég lék persónu sem alltaf var verið að tala um og allir voru að leita að. Einstaka sinnum sást ég gægjast fyrir horn, mjög dularfullur.

Halldór:
En þú varst svo innlifaður að ég man að sameiginleg vinkona okkar sem sá þig gægjast fyrir horn, ég held í einhverri flugstöð, hún hringdi í mig og sagði: „Ósköp er að sjá hvernig komið er fyrir Einari!“

Einar:
Já, einmitt, svakalega!

Halldór:
En segðu okkur svo frá samvinnu ykkar Frikka. Við töluðum um *Skytturnar* áðan en hann gerði líka *Djöflaeyjuna* og þið hafið gert fleiri myndir saman?

Einar:
Já, það var nú þannig með *Skytturnar*, þetta var árið 1982 og ég bjó í

Kaupmannahöfn og hann kom út til að sýna myndina *Rokk í Reykjavík* sem var önnur eða þriðja heimildamyndin sem hann hafði gert. Hann hafði ekki gert neinar leiknar myndir þá. Við, gamlir skólafélagar og kunningjar, settumst á einhverja krá úti á Amager og vorum að kjafta saman og ég var að segja honum frá *Djöflaeyjunni* eða því söguefni, svona utangarðssöguefni og þessu, töffararokktímanum og öllu þessu sem ég væri að byrja að skrifa um. Hann fór að segja mér að hann væri með í hausnum að gera íslenska hasarmynd með skotbardaga og öllu. Það er að vísu mjög erfitt að gera íslenska hasarmynd með skotbardaga því það vantar svona inventarið í þjóðfélagið, það vantar mafíurnar og glæpagengin og vopnin og þetta. En það var þó stolt tradisjón fyrir því að fullir sjómenn væru að brjótast inn í skotfæraverslanir og skjóta á allt sem fyrir varð og hann var búinn að ákveða að gera svoleiðis mynd. Og ég sagði við hann: „Ég skal skrifa handritið að þessu og þú kvikmyndar svo bókina.“ Og við urðum að standa við hvort tveggja.

Það var rosalega gaman að gera *Skytturnar* og út úr því kom mjög fín mynd hjá Friðriki og hann fór með þá mynd í einhverja keppni í Tokyo. Deputantar, eða menn sem voru með sína fyrstu leiknu mynd, mættu í keppnina, þeir voru hvaðanæva að úr heiminum og það voru tvær myndir sem kepptu um fyrstu verðlaun. Það voru *Skytturnar* og *Reservoir Dogs* eftir Tarantino, fyrsta leikna myndin hans sem ég held að vísu að hafi fengið gullið. En þetta gekk voða vel. Svo gerði hann *Djöflaeyjuna* og svo gerðum við mynd sem fór langt með að eyðileggja mannorð okkar beggja sem heitir *Fálkar*. Það hefur oft verið mér mikið undrunarefni hvernig okkur tókst að klaufast á öllum stigum málsins með þá mynd. En hugmyndin að henni var svo gömul að hún kviknaði þegar við vorum að skrifa handritið að *Skyttunum* árið 1984 eða 1985. Þá datt okkur í hug að gera grínmynd um fálkaþjófa. Við ákváðum að hafa þetta ekki grínmynd heldur svona aksjónmynd með ofbeldi og djöfulskap og við ákváðum að láta þetta enda í skotbardaga í Hamborg. Svo skrifaði ég handrit sem ég var reyndar ekki fullkomlega ánægður með en þá kom hann með nýja hugmynd sem var alveg frábær. Þá var hann fljúgandi á Business Class um allan heim, takandi þátt í kvikmyndahátíðum, og við ákváðum að aðalpersónan yrði útlensk stelpa því hann var með einhverja ákveðna leikkonu í huga. Þá gerði ég handrit um íslenskan togarasjómann sem kynnist einhverri pólskri stelpu sem er aðeins utangarðs á Vestfjörðum og þau flýja saman út af alls konar

klandri. Og hann þekkir ekkert í útlöndum nema Cuxhafen því hann hafði verið togarasjómaður. Svo þegar þau flæmast þaðan og koma til Hamborgar og setjast upp í leigubíl þá þekkir hann ekkert Hamborg og eina götunafnið sem hann man eftir er Herbertsstrasse svo þau fara þangað. Þó að ég segi sjálfur frá, þá var þetta stórskemmtilegt handrit.

Svo kom Frikki einhvern tímann til mín, þegar ég bjó úti í Berlín og var að skrifa *Óvinafagnað,* og sagði svona í framhjáhlaupi þegar hann var búinn að vera hjá mér í tvo eða þrjá daga: „Heyrðu, við verðum að breyta þessu, við látum manninn vera útlenskan og stelpuna íslenska! Og ég sagði: „Þetta er ekki hægt, Frikki, þetta breytir algjörlega öllum forsendum.“ „Þetta er enginn vandi,“ sagði hann, „þú bara lagar þetta, þú ert snöggur að því.“ En ég var orðinn svo leiður á þessu að ég komst ekkert af stað með þetta, vegna þess að allt það besta úr karakternum datt dautt niður þegar hann var orðinn útlenskur en ég tímdi samt ekki að sleppa því, svoleiðis að hann fór til Cuxhafen. Hvað er líka einhver amerískur gæi að fara þangað? Og ég held að Frikki hafi að sama skapi verið orðinn mjög leiður á þessu. En þetta var bara eitthvað sem hann þurfti að klára. Ég man að á frumsýningunni komu margir til mín og voru eitthvað að hrósa okkur Frikka. Þeir áttu svo erfitt með að finna hlutlaust orðalag sem þó var uppörvandi. Mönnum þótti myndin til dæmis „snotur“ eða „falleg“ eða eitthvað, þetta var einhver versta krítík sem ég hef fengið á ævinni. En svo náttúrlega ætlaði Frikki að gera mynd um Þórð kakala og Flóabardaga og fékk til þess styrk en þetta er mjög dýrt og mikið mál og hefur frestast af ýmsum ástæðum. En ég held það geti orðið alveg stórbrotin mynd.

Halldór:
Og *Stormur* er í bígerð er það ekki?

Einar:
Jú, Óskar Jónasson gerði handrit að *Stormi*, við gerðum einu sinni sjónvarpsmynd saman. En talandi um Flóabardaga sem kvikmynd: Það voru sko enskir og amerískir framleiðendur sem ætluðu að vera með í myndinni og þeim fannst eitthvað mjög skrýtið við það að aðaluppgjörið færi fram í grjótkasti! Þeir sáu það ekki alveg sem nógu mikla aksjón og voru að spyrja hvort það mætti ekki gera þetta ein-

hvern veginn öðruvísi. En það sem þeir voru ekki að skilja var að þessar steinvölur sem þeir voru með, þetta var svona sjóbarið fjörugrjót. Og ímyndið ykkur íslensku handboltamennina, Sigga Sveins, Alfreð Gísla, Einar Hólmgeirs; þeir geta kastað uppblásinni leðurtuðru á svona 120 kílómetra hraða. Hugsið ykkur ef þeir væru með svona grjót í höndunum! Og menn rotast af uppblásnu leðurtuðrunni ef þeir fá hana í hausinn! Ég held að þegar þessi mynd verður gerð og menn sjá hversu banvænt vopn þetta er í höndunum á góðum kösturum, þá verður þetta skemmtilegt.

Sjón:
Það gæti verið upphafið að íslenskri kvikmyndabylgju, íslenskar grjótkastmyndir!

Einar:
Já, Hrafn Gunnlaugsson kynnir til sögunnar svona kasthnífa í þeirri ágætu mynd *Hrafninn flýgur* því það vantaði eitthvað svona. Kasthnífarnir voru aldrei til og þeir voru aldrei notaðir. Hann er með þetta uppi í erminni og skutlar þessu og menn drepast. Við erum hins vegar með okkar eigin banvænu vopn, sko grjót í höndunum á handboltamönnum!

Gerður Kristný:
Þannig að Ingvar og Hilmir Snær þurfa að fara að æfa sig núna að hampa þessu grjóti!

Einar:
Já, þú segir það!

Ævisögur og umburðarlyndi

Halldór:
Nú fer að líða á seinni partinn hjá okkur og þessu fer senn að ljúka. Við töluðum um skáldsögurnar og kvikmyndirnar en þú hefur líka gert allt öðruvísi hluti með því að skrifa til dæmis ævisögur tveggja manna, KK og Jóns Ólafssonar sem nú er að selja heiminum vatn. Og kannski þótti þar mörgum lítið leggjast fyrir kappann. Ætlarðu að segja okkur frá þessum verkum og þeim vinnubrögðum?

Einar:
Já, það er alltaf verið að stinga upp á hinu og þessu söguefni við menn, að skrifa nú um þetta og hitt og jafnvel skrifa ævisögu þessa eða hins og ég hafði fengið oftar en einu sinni tilboð um það. En ég hef yfirleitt hafnað þeim, því mér hefur ekki þótt söguefnið nógu spennandi. Þegar ég hins vegar fékk veður af æskuárum og bakgrunni KK, Kristjáns sem var hérna áðan, og heyrði um hans stórbrotna upphaf og æskuár í Bandaríkjunum, um föður hans sem var svarti sauðurinn í borgarafjölskyldu og stakk af til sjós, sigldi öll stríðsárin, varð umsvifamikill bisnessmaður í Ameríku og týndist svo í Víetnam, þá hugsaði ég með mér: Þetta er söguefni sem mig langar til þess að fást við!

Nákvæmlega það sama var náttúrlega með Jón Ólafsson, sem var kallaður Jón Bæjó úr Keflavík. Þarna var söguheimur sem mig langaði til að skrifa um. Ég fattaði eftir á að annar af þessum mönnum er ári eldri en ég og hinn er ári yngri þannig að það spilar aðeins inn í að ég sjálfur hafði upplifað nákvæmlega sömu tíma og þeir. Maður gat því fengið útrás fyrir allan fjandann við þetta, jafnvel viðrað fordóma sína undir fölsku flaggi!

Halldór:
En það fer að líða að lokum þessa Ritþings. Ég ætlaði að heyra, Gerður og Sigurjón, ef þið hefðuð einhverjar spurningar að lokum? Við náðum náttúrlega ekki að tala um allt sem Einar hefur saman sett.

Gerður Kristný:
Mig langar að spyrja þig að einu: Það eru margir sympatískir aular í bókunum þínum, Grettir í *Djöflaeyjunni* og hann Halldór okkar Killian. Astrid Lindgren var nú einhvern tímann spurð að því hver væri boðskapurinn í hennar bókum og hún sagðist ekki hafa neinn annan boðskap en þann að breiða út umburðarlyndi fyrir almennum aulaskap. Ert þú ekki bara Astrid Lindgren okkar Íslendinga?

Einar:
Þú myndir aldrei fá mig til þess að halda slíku fram enda væri það náttúrlega þvílíkt yfirgengilegt mont! Hún er einn af mestu snillingum 20. aldar bókmenntanna og hefur verið einn af mínum uppáhaldshöfundum alveg frá upphafi. Ég fékk erindi um daginn frá einhverri lista-

konu sem bað mig að velja uppáhaldsskáldsagnarpersónu og ég er að hugsa um að velja Lottu úr Ólátagötu eftir Astrid Lindgren! En hins vegar ef þú segir þetta þá ætla ég ekki að fara að gera neinn stórkostlegan ágreining fyrir framan fjölda manns.

Sjón:
Ég ætla að bera ábyrgð á þessari sígildu spurningu: Hvað ertu með í smíðum núna, Einar?

Einar:
Ég er aðallega með eina skáldsögu sem ég ætla að reyna að klára þetta árið, svo er ég með tvær aðrar í drögum.

Sjón:
Megum við fá að vita hvað það er sem þú ætlar að reyna að klára á þessu ári?

Einar:
Það er sögulegt, það gerist ekki á okkar tímum. En svo hversu sögulegt það verður …

Halldór:
Þá fer grunurinn strax að beinast að ákveðnum öldum sem hafa nokkuð verið hér til umræðu. En ég held að við þurfum að fara að ljúka þessu og ég minni á að hér á eftir er almenn gleði þar sem annar vinur okkar Einars, Tómas R. Einarsson, mætir með þá Óskar og Ómar. Ég heyri að Óskar er aðeins byrjaður að æfa sig hér fyrir aftan. En áður en ég kveð ætla ég að biðja Karl Guðmundsson að koma hér aftur og lesa fyrir okkur úr *Heimskra manna ráðum*, er það ekki rétt Einar?

Einar:
Jú, síðustu síðurnar úr *Heimskra manna ráðum*.

Karl:
Þetta er úr bókinni *Killiansfólkið* og það er bara komið inn í frásögnina allt í einu, án allra skýringa:

> *Bárður Killian heyrði flautið og opnaði útidyr stofnunarinnar, gáði út á planið. Það er aftur flautað, hvellt og harkalega. Bárður heldur*

um hattinn í vindinum, gengur að bíl sem er í gangi á hlaðinu og gægist spyrjandi inn. Sigfús eldri og fyrrverandi partakóngur bendir honum mynduglega að koma sér inn í bílinn. Bárður snarast inn, skellir á eftir sér og bíllinn rykkist af stað. Bárður kveikir í sígarettu, lítur á föður sinn.

- *Ég átti ekki von á að þú kæmir að sækja mig.*
- *Nú?*
- *Heyrðu! Það er orðið æði langt síðan ég hef setið í bíl hjá þér.*
- *Nú?*
- *Manstu ekki hvenær það var. Og hvernig það endaði?*
- *Nei, ég er sem betur fer búinn að steingleyma því! Sigfús lítur dálítið illilega á soninn og tekur péttingsfast um stýrið, hann er ekkert spenntur fyrir þessum upprifjunum.*

Þeir keyra í þögn nokkra stund, Bárður virðist aldrei þessu vant vera kvíðinn á svip. Hann reykir og horfir út um hliðarrúðuna, á forugan vegarkantinn sem geysist hjá. Loks rýfur Sigfús þögnina.

- *Hvernig var?*

Bárður heyrir ekki, hann er að horfa á regndropana sem bylja á framrúðunni, rúðuþurrkurnar sem slá taugaspenntan takt. Sá gamli endurtekur spurninguna, er orðinn óþolinmóður.

- *Hvernig var hvað?*
- *Nú? Á spítalanum.*

Já það ... Í gegnum hugann hraðspólast spítalavistin, hvernig hann vaknaði með taumlausa timburmenn, ósigrandi her timburmanna sem kvöldu hann á sál og líkama, iðrin ólgandi af uppreisnarhug, höfuðið sem virtist ætla að bresta við hvert slag hjartans, óttinn við að muna ekkert, vita varla hvar hann var, nema hér var eitthvað hræðilegt, kona kom inn til hans í einkennisbúningi og með skuplu, á svip einsog gæslukonurnar á hælinu hjá Salómon bróður, var hann kannski þar? Stór sprauta, hryllingurinn sjálfur, á kaf í rassinn, aaaaaa! Vakna aftur, líða skár, finna slopp og fara fram, ómur af daufri tónlist úr setustofu. - Jæja, kominn á kreik? Miðaldra hjúkka með niðurdregin munnvik, krosslagða arma, bera framhandleggi rauða af skúringum og uppvaski, og kannski af því að berja fólk. Skyldi hún ætla að berja mig? Ráma svo í það þegar læknir tekur hann í viðtal að hann hafði víst samþykkt

þetta sjálfur, afvötnun. Og sjúklingarnir allir í sloppum, sumir í þessum stofnanasloppum einsog hann sjálfur, aðrir í fínum silkisloppum; það voru þekktir menn, einn skemmtikraftur og annar dagblaðsritstjóri; þeir voru aðallinn á staðnum. Einn frægur róni, Halli hörrikein. Og hér er rætt um áfengismál. Kokkurinn kemur úr eldhúsinu, með grautarpott stóran; hann er einsog maður að leika togarajaxl. Skellir á diskana, flytur svo borðbæn. Guð gefi að við drekkum ei meir. Samræðurnar við borðið snúast um djöful alkóhólsins. Halli hörrikein segir þó að helvítis dópið sé verst, hann sé búinn að éta amfetamín í tuttugu ár. - Og ég vil að það komi fram, að ég hef fengið það allt í gegnum lækna. En óréttlætið, það er þó það að ég hef nýverið fattað að það hefði kostað mig minna að kaupa það á svörtum! Eftir hádegi kemur eldpresturinn og messar. Þegir lengi og horfir á söfnuðinn. - Sjá! Ykkur! Vesalings! Aumingjana! æpir hann svo. Sjaldan hafði Bárði brugðið meira á ævinni. Þetta var næstum meira en hann þoldi. Og allar helvítis svívirðingarskammirnar sem fylgdu. Hver var þessi prestur? Svo voru hópfundir, menn vitnuðu. Ritstjórinn sagði að almenningsálitið væri það versta sem hann þyrfti að kljást við, hinn almenni borgari hefði sig á milli tannanna, þetta hrekur eintaklinginn til æ meiri ofdrykkju. Hann talar eins og forystugrein í dagblaði. Og skemmtikrafturinn frægi sömuleiðis, meistari vísnasöngs og töfrabragða; það er ekkert grín að þurfa alltaf að vera í góðu skapi. Mega ekki láta neinn sjá að maður er kannski bara feiminn og hlédrægur mömmustrákur innst inni. Þetta er mikil byrði að bera. Og hinir sem ekki eru að kikna undan oki frægðarinnar hafa sig lítið í frammi, þeirra sorgir eru léttar sem fiðurdúnn í samanburði. Nema róninn stóð loks upp í gærkvöldi, þegar allir voru búnir að gleyma sorgum sínum, enginn man lengur að brennivín er til; bráðum ætla þeir út til að lifa nýju lífi, sem snýst um börnin og starfið, fjölskylduna, ábyrgð einstaklingsins ...

- Ég heiti Haraldur. Ég vil að það komi fram! Ótrúlegt hvað röddin var djúp og rám.

- Það vita flestir að ég er kallaður Halli hörrikein! Enda er ég án nokkurs vafa frægasti maðurinn hérna inni. Ég fékk minn fyrsta dóm átján ára, fyrir að halda partí. Ég bauð kátum stelpum í partí, og svo máttu bandarískir hermenn koma í gleðskapinn,

með því að taka þátt í kostnaðinum. Ég skaffaði brennivín, húsnæði, rafmagn og hita, sjálfur þurfti ég að fá einhver laun. Það var kallað í dómsorði að hafa léttlyndi ungra stúlkna að féþúfu. Þeir meina vændi. En ég vil að það komi fram að ég er kallaður Halli hörrikein af því ég er alltaf svo rólegur. Og ég vil líka að það komi fram að mér hefur liðið vel hérna. Hér hef ég fengið gott að borða. Hér hef ég fengið nóg af vítamíni. Nú er ég hraustur einsog fíll. Ég er sjötíu og fimm prósent öryrki, og í dag er tíundi nóvember. Í dag voru útborgaðar öryrkjabæturnar. Það er föstudagskvöld og nú á ég pening, mér líður vel, ég ætla að kveðja ykkur strákar mínir, fara í bæinn og detta í það. Ég vil bara að þetta komi fram ...

Og upplausnin sem fylgdi, mórölsk upplausnin, flestir ákváðu að útskrifast og fylgja dæmi þessa eina ræðumanns ...

- Það var ágætt, svaraði Bárður loks. - Mér var dálítið kalt á fótunum.

- Kalt á fótunum!

Allir voru með inniskó nema hann. Loks kom ein stóra hjúkrunarkonan og lánaði honum baðstrandartöfflur. Hann ætlaði að segja eitthvað meira, en Sigfús var farinn að endurtaka þetta hvað eftir annað, kalt á fótunum! Eins og hann hefði aldrei heyrt neitt jafn merkilegt.

- Kalt á fótunum! Sko, ég fór hérna niðrí bæ í gær, átti erindi í apótek. Ingólfsapótek. Og þar héngu fyrir utan nokkrir rónar, í skítugum hvítum kallmannsskyrtum og gráum frökkum. Þeir lyktuðu einsog öskuhaugur. Einn bað mig um pening. Ég rétti þeim eitthvert klink. Svo vildu þeir að ég keypti fyrir þá kogaspritt. Ég sagði að það yrðu þeir að gera sjálfir. En það sem ég ætlaði að segja, það var það að þetta voru algerir ræflar. Þeir voru kannski búnir að míga í buxurnar. Þetta eru og hafa alltaf verið aumingjar, fylliraftar, vesalingar, smáglæpamenn; þeir lifa á sníkjum og betli, þeir eiga eina hugsjón í lífinu og það er að vera fullir frá morgni til kvölds. En samt sem áður verð ég að segja að ég ber vissa virðingu fyrir þeim. Og veistu fyrir hvað?

Hann bíður ekki eftir svari.

- Ég ber virðingu fyrir þeim vegna þess að þeir eru ekkert að biðja um að einhver vorkenni sér. Þeir eru ekki að skríða inná spítala og stofnanir til að láta mata sig á volgum hafragraut og bía sig í svefn. Þeir bara drekka af því þá langar til að drekka, annars

væru þeir hættir. Sigfús réttir út höndina einsog til að kæfa mótmæli, sem þó örlaði ekkert á. - Sko, ég drakk í gamla daga. Þá fór ég einn uppá fjöll, jafnvel í snjó og hríð, og lá úti í tjaldi, og drakk nokkrar brennivínsflöskur á milli þess sem ég dó útaf. En svo hætti ég því. Og ég þurfti enga hjálp við það. Ég þurfti ekkert að fara inn í upphituð hús með læknum og hjúkrunarliði og biðja um að vera hjálpað. Júju, gott og vel, það er til eitthvað sem heitir áfengissýki. En það er líka til venjulegur íslenskur ræfildómur, og því skulu menn ekki gleyma. Og ef einhver drekkur, þá á hann að liggja einn úti með þrjár-fjórar brennivín, eða hanga í hvítri nælonskyrtu og rónafrakka fyrir utan Ingólfsapótek og míga á sig, og ef maður vill ekki hætta þá á maður að drekka þartil maður drepst og er fiskaður upp úr höfninni. En ef maður vill hætta, þá gott og vel gerir maður það.

Bárður er ekki að hlusta, hann er að hugsa að faðir hans gæti fengið vinnu sem eldprestur á svona hæli. En svo verður hann leiður á þessu og fer að gefa bílnum gaum, glænýjum bílnum, stæk plastlykt innandyra, moskóvits!

- Heyrðu, átt þú þennan bíl?!

- Jájá ... Ekki alveg laus við stolt. - Þetta er svona ágætt til að skælast á í bænum.

Náttúrlega enginn villis bætti hann við í huganum, drottinn veri jeppanum sáluga náðugur, löngu kominn í parta hjá Sigfúsi yngri.

- Heyrðu, þetta er freðmýrarstál! Haaaa? Fyrir sjálfan andkommúnistann. Sko minn kall! Kominn á bíl frá félaga Brésneff! Bárður er kominn í gott skap. Nú er komið að þeim eldri að vera flóttalegur.

- Sko, þetta er rússneskt, ég veit það vel.

Sigfús eldri slær krepptum hnefa í mælaborðið. - En Rússarnir voru hvað sem öðru líður eina þjóðin sem gat eitthvað staðið uppí hárinu á Hitler án þess að ameríski herinn þyrfti að hjálpa til.

Þeir voru komnir heim að dyrum. - Ætlarðu ekki að koma inn? spyr Bárður.

- Nei, er ekki best að þú heilsir fjölskyldunni upp á eigin spýtur?

- Það er ekkert mál. Bárður fer út úr bílnum.

- Heyrðu strákur!
- Já. Hálfur inn í bílinn aftur. Rússnesk plastlyktin fyllir vitin.
- Stundum held ég að þú sért eini maðurinn með viti. Einar Ben var líka helvítlegur með brennivíni. Er gamli maðurinn örlítið klökkur? - Þú lofar að skíta ekki á þig!
- Ég lofa engu.
Bílhurð skellist, fer.

Halldór:
Við þökkum Karli kærlega fyrir og sömuleiðis KK. Ég þakka Gerði og Sigurjóni og Einari fyrir þeirra þátt og ykkur fyrir komuna.

Einar:
Ég þakka ykkur fyrir þessa skemmtilegu samverustund.

Umbrot og hönnun / Kristín Þóra Guðbjartsdóttir
Hljóðritun / RÚV
Prentun / Prentmet
Útgefandi / Menningarmiðstöðin Gerðuberg 2013

Samantekt er í samræmi við það sem fram kom á Ritþinginu
og túlkar sjónarmið þeirra sem þar töluðu.



Menningarmiðstöðin Gerðuberg